

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 80 000 — áttatíu þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—80 000, og auk þess merki D.A.S., verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrest. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

2. gr.

1. málsl. 6. gr. orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skulu vera samanlagt 7 200 að tölu í öllum 12 flokkum og skal heildarverðmæti þeirra, miðað við smásöluverð, nema a. m. k. 60% af söluverði miða í öllum 12 flokkum.

3. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 300.00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 25 00 kr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1981.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 508 19. desember 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykkt byggingarsamvinnufélags.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 59 30. apríl 1973 hefur ráðuneytið þann 20 febrúar staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélagið Skjól. Varnarþing þess er í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.